

Fundargerð

Kynningarfundur stjórnar Fiskeldissjóðs með Fjarðabyggð

115. fundur

Dagsetning: 22. október 2025. **Tími:** kl. 14:00–14:50. **Staður:** Teams

Mætt: Frá stjórn Fiskeldissjóðs: Gunnar Karl Guðmundsson, formaður, Kjartan Dige Baldursson auk Jóns Baldurs Lorange, starfsmanns sjóðsins sem ritaði fundargerð. Frá Fjarðabyggð mættu Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri, og Svanur Freyr Arnason, sviðsstjóri skipulags- og framkvæmdasviðs.

Fundarsetning og kynning

Gunnar K. Guðmundsson, formaður Fiskeldissjóðs, setti fundinn. Kjartan Dige Baldursson fór síðan í gegnum kynningu frá stjórn sjóðsins um fjárveitingar úr sjóðnum, helstu áherslur, valmódel við úthlutun styrkja o.fl. Þá var óskað eftir sjónarmiðum sveitarfélagsins um hugsanlegar breytingar á úthlutunarreglum.

Umræður

Ábendingar komu fram frá starfsfólki sveitarfélagsins um úthlutanir, valmódel, einstakar styrkveitingar o.fl. sem stjórn sjóðsins mun taka til umræðu. Stjórn sjóðsins svaraði þeim spurningum sem komu fram á fundinum eftir bestu getu.

Fundi slitið um 14:50.

Jón Baldur ritaði fundargerð.